

Skólanámskrá

2022 – 2023



II. hluti

Nám og kennsla

1. bekkur

Umsjónarkennarar
Fanney María Sigurðardóttir
Ólöf Karla Þórisdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Bakgrunnsupplýsingar | 3 |
| Samþætting námsgreina | 3 |
| Byrjendalæsi | 3 |
| Útinám | 4 |
| Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi | 4 |
| Námsmat | 4 |
| Íslenska | 5 |
| Stærðfræði | 6 |
| Samfélagsgreinar | 7 |
| Náttúrufræði | 8 |
| Hönnun og smíði | 8 |
| Heimilisfræði | 9 |
| Myndmennt | 9 |
| Textílmennt | 10 |
| Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar | 10 |
| Skólaíþróttir | 11 |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 12 |
| Fjölvál | 12 |

Bakgrunnsupplysingar

Í 1. bekk eru 33 nemendur, 12 drengur og 21 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Fanney María Sigurðardóttir og Ólöf Karla Þórisdóttir. Stuðningsfulltrúi er Þórdís Anja Ragnarsdóttir. Aldís Kjærnested Eiríksdóttir og Elín Njálsdóttir sjá um sérkennslu.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Hjördís Ólafsdóttir
- Sund – Hjördís Ólafsdóttir
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textíl - Silja Konráðsdóttir
- Smíði – Sigurbergur Bjarnason
- Myndlist - Helga Lára Haraldsdóttir
- Forskóli – Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir
- Bókasafn - Kolbrún Alexandersdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

| | |
|------------------------------|---------|
| Íslenska | 8 tímar |
| Stærðfræði | 7 tímar |
| Samfélags- og náttúrugreinar | 2 tímar |
| Fjölval | 2 tímar |
| Útikennsla | 2 tímar |
| Smiðjur | 4 tímar |
| Íþróttir | 2 tímar |
| Sund | 1 tími |
| Tónmennt | 1 tími |
| Hugarfrelsi | 1 tími |
| Samtals: 30 tímar á viku | |

Sambætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjentalæsi er regnhlífarhugtagt yfir sambættingu námsgreina þar sem sífellt er verið að tvinnna saman margar námsgreinar

Byrjentalæsi

Byrjentalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnáms. Byggt er á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Kennslan felur í sér að sambætta nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjentalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjentalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjentalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Notaður er merkingarbær

texti og verður móðurmálsnám heildstætt að því leyti að öll vinna tengd lestri og ritun fellur undir vinnubrögð Byrjendalæsis.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er samþætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum. Verið er að endurskoða og betrumbæta hvernig nálgast á viðfangsefnið. Bekkjarnámskrá verður uppfærð um leið og þeirri vinnu er lokið. Áætluð verklok er á skólaárinu 2022 – 2023.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- **Í vinnslu** ef nemandi hefur hafið ákveðið hæfniviðmið en ekki er hægt að meta það strax.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- **Parfnast þjálfunar** ef nemandi þarf frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiði til þess að ná því.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

| | |
|---|--------------------|
|  | Framúrskarandi |
|  | Hæfni náð |
|  | Á góðri leið |
|  | Parfnast þjálfunar |
|  | Hæfni ekki náð |
|  | Í vinnslu |
|  | Ólokið |

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 1. bekk

Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni.

Leikið sér með orð og merkingu svo sem með því að ríma og fara í ordaleiki.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt aðferðum við umskráningu hijóða og stafa þannig að lestar verði lipur og skýr.

Átt við góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestar og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Lestrarbækur, bækur af bókasafni, dagblöð og Byrjendalæsisbækur, þar sem unnið er með gæðatexta. Auk þess er notast við fræðitexta og ýmsar sögubækur. Unnið er með bókina Listin að lesa og skrifa 1-4. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Fjölbreytt byrjendalæsisverkefni sem kennarar semja og taka af vefnum og annað ljósritað efni frá kennara.

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum. Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimipróf, í september, janúar og maí. Aðeins lagt fyrir þá sem geta lesið í september. Lesferill lesskimun í október. Hliðarpróf, sjónrænn orðaforði og orðleysur í október, janúar og maí. Lagt fyrir nemendur sem glíma við erfiðleika í lestri. Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur verkefna.

| | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 1.bekkur | 20 orð á mínútu | 55 orð á mínútu | 75 orð á mínútu |

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 1. bekk

| | |
|--|--|
| Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigin áhugasvið. | Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. |
|--|--|

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

| | | | |
|--|---|--|---|
| Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. | Gert einfaldar tilraunir með líkur og borð skynbragð á áhrif þeirra í spilum. | Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. | Spoglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flóttin. |
| Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innssæi notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyntri. | Túlkad og notað einföld stærðfræðitáknar þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. | Notað hentug verkfæri þar með talin hlutbundin gögn, reiknir, talnalinu, vasareikna og tölvur, til rannsóknna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. | Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagnunar-, fráráttar-, margföldunar- og deilingardæmi. |
| Tekið í þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. | Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borð saman. | Notað tugakerfisirthátt. | |
| Notað hugtök úr rúmfraði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. | Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynstrus, t.d. með því að nota líkön og hluti. | Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugareikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. | |

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í 7 flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfraði og mælingar og tölfraði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Sproti 1a, Sproti 1b og Sproti 2a, nemenda- og æfingabækur og Stærðfræðispærjarar. Einnig er unnið með stærðfræðiforrit í tölvum og spjaldtölvum. Nemendur nota ýmiss hjálpar gegn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur og sentikubba. Kennrar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni.

Námsmat

Kannanir sem fylgja Sprota verða lagðar fyrir við lok hvers kafla allan veturninn þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Virkni og vinnubrögð eru metin. Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Lögð verða fyrir hefðbundin próf og minni kannanir úr einstökum þáttum auk sjálfsmats.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 1. bekk

| | | | |
|--|---|---|---|
| Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. | Áttað sig á og lýst ýrsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. | Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu. | Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélagini. |
| Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. | | | |

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

| | | | |
|---|--|--|---|
| Sett sig í spor annarra jáfnaldra. | Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýrsum hætti. | Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. | Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. |
| Áttað sig á að fólk býr við ólik fjölskylduform, hefur óllan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lítsviðhorfum og lífsháttum. | Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna. | Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólk, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slikar reglur. | Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. |
| Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. | Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. | Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. | Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýrsum hætti. |

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokk: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmýnd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagsheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þroa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Bækur tengdar fjölskyldum og mismunandi fjölskyldugerðum, bækur tengdar líkamsvitund og tilfinningum, umferðarreglur og ýmsar hættur í umhverfi og inni á heimilum. Halló heimur 1, lesbók og verkefnabók.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda.

Náttúrufræði

Hæfniviðmið

| Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 1. bekk | | | |
|--|--|--|---|
| Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. | Hlustað á og rætt hugmyndir annarra. | Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabýggð. | Flokkad úrgang. |
| Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. | Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. | Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum. | Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans. |

| Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum | | |
|---|---|---|
| Skráð atburði og athuganir s.s. Með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. | Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkomu hans byggist á samsplínu við hana. | Sagt frá og framkvæmt með hversdagselegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. |
| Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. | Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans. | |

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar í fimm viðmið: geta til aðgerða; nýsköpun og hagnýting þekking; gildi og hlutverk vísinda og tækni; vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efpling ábyrgðar á umhverfinu. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Komdu og skoðaðu líkamann, Fuglavefurinn og google earth, íslensku húsdýrin á mms.is, ýmis árstíða verkefni, grenndarkennsla og netið.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

| Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum | | |
|--|--------------------------------|---|
| Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til aðfurnar. | Unnið einföld verkefni í hópi. | Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. |
| | | Gengið frá eftir vinnu sína. |

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótagi á umhverfi sitt.

Kennsluefni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

| | | | |
|--|---|--|---|
| Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrífi. | Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. | Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. | Unnið einföld verkefni í hóp. |
| Gengið frá eftir vinnu sína. | Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. | Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. | Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. |

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreind hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Kennsluefni og gögn

Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur og ljósritað efni frá kennara. Ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er á formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Myndmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 1. bekk

Unnið út frá kveikju við eigin listsþópun.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

| | | |
|-------------------------------|---|------------------------------|
| Unnið einföld verkefni í hóp. | Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. | Gengið frá eftir vinnu sína. |
|-------------------------------|---|------------------------------|

Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnnin hátt með mállefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta byrjendum í myndmennt. Skjávarpi, bækur og ljósrit.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þáttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Textílmennt þjálfar nemendur í fínhreyfingum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat


Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þáttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er skyldunám allra barna í 1. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Kennt er í litlum hópum, eina kennslustund í viku. Forskólanám er samþætt byrjandanám í tónfræðagreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist og sköpun. Hlustun, söngur, hrynpjálfun, hreyfing og hljóðfæraleikur á skólahljóðfæri eru meðal þeirra þáttta sem unnið er með.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Unnið er út frá ofangreindum hæfniviðmiðum forskóla Tónlistaskóla Reykjanesbæjar. Hæfniviðmiðin eru markvisst tekin fyrir, allt skólaárið, með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Kennsluefni og gögn

- Skólahljóðfæri og óhefðbundnir hljóðgjafar
- Hljóðfæri v/hljóðfærakynninga
- Ýmislegt efni af veraldarvæf
- Fjölbreytt hlustunarefn
- Námsbækur, sögubækur, ljóðabækur
- Ýmis verkefni frá kennara

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá ofangreindum hæfniviðmiðum með fjölbreyttum verkefnum, samspili og þáttöku í kennslustundum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið



Í Aðalnámskrá frá árinu 2013 eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öruggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með íþróttu- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þáttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tínum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

| | | | |
|--------------------------------------|--|--|-----------------------------------|
| Nýtt rafraent og gagnvirkt námsefni. | Nýtt upplýsingaver sér til gagns og áægju, s.s. til lestrurs, hlustunar og leitarnáms. | Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um síðferðislegt gildi þeirra. | Sýnt ábyrgð i meðferð upplýsinga. |
|--------------------------------------|--|--|-----------------------------------|

Í aðalnámskrá frá árinu 2013 kemur fram að upplýsinga- og tæknimennt sé þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast þann tæknibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hætturnar sem þar geta leynst. Á yngra stigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða öðrum námsgreinum. Hæfniviðmið greinarinnar eru tengd við verkefni þar sem unnið er með upplýsingaöflun og úrvinnslu.

Fjölval

Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Kennsluefni og gögn

Hver kennari útvegar efni og kennslugögn fyrir sína stöð. Stöðvar eru m.a. leir, einingakubbar, tölvur, kahoot, enska, félagsfærni, ýmsir leikir og föndur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni Aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrirmælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.